



TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

*Alþingi*

*Erindi nr. P/130/778*

*komudagur 20.1.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2004

*IKP/KSG/007/04*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga, nr. 17/1984. 340. mál.**

Vísað er til bréfs þíns dags. 15. desember 2003 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga nr. 17/1984. Hér á eftir koma fram athugasemdir Tryggingastofnunar:

Það, hvort sjóntækjafræðingar eigi að hafa heimild til að mæla sjón og fullvinna gleraugu og snertilinsur, er mál sem hefur lengi verið ágreiningsefni milli augnlækna og sjóntækjafræðinga. Það snertir Tryggingastofnun hins vegar einungis að því leyti að Tryggingastofnun greiðir að hluta fyrir komur sjúklinga til augnlækna. Það myndi væntanlega leiða til nokkurs sparnaðar hjá sjúklingum og stofnuninni ef einstaklingar, sem teldu sig hafa þörf fyrir gleraugu, gætu snúið sér beint til sjóntækjafræðinga en þyrftu ekki að leita fyrst til augnlækna. Gengið er þá út frá því að í reglugerð væru sett skilyrði um það hverjir gætu leitað beint til sjóntækjafræðinga því það getur einnig skapað kostnað ef einstaklingar, sem haldnir eru sjúkdómum, leita ekki til augnlækna í tíma.

Varðandi það hvort það sé rétt að breyta lögnum í þessa átt þá telur Tryggingastofnun sig ekki hafa forsendur til að meta það.

Virðingarfyllt,

Karl Steinar Guðnason  
forstjóri